

Umhverfisstofnun
Áb. <u>RBB</u> <u>SAP</u>
03. júlí 2018
08.14.01
Tilv. <u>UST201806 - 323</u>



Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 29. júní 2018
Tilv.: UMH18060105/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis Fjarðabyggðar, dags. 25. júlí 2018 og barst ráðuneytinu í tölvupósti hinn 25. júní 2018. Í erindinu er óskað eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað í Þernunesi, en starfsleyfið rennur út 1. júlí 2018. Í umsókninni kemur fram að tiðarfari í veturn hafi tafið framkvæmdir í Þernunesi. Fram kemur að sótt hafi verið um nýtt starfsleyfi, unnið sé í atriðum sem ekki voru fullnægjandi í starfsleyfisumsókninni og taldar upp aðgerðir sem lokið sé eða sé áætlað að ljúka á næstu vikum.

Samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar 25. júní sl.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 26. júní sl. kemur fram að umrædd umsókn Fjarðabyggðar um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Þernunesi hafi borist stofnuninni í lok árs 2015. Umhverfisstofnun hafi farið yfir umsóknina og sent Fjarðabyggð bréf, dags. 10. mars 2016, þar sem fram hafi komið að umsóknin væri ekki fullnægjandi og óskaði eftir frekari gögnum. Svar hafi borist frá umsækjanda hinn 27. apríl 2016 með nokkuð af umbeðnum upplýsingum en óskað hafi verið eftir fresti til 1. júní 2016 til að skila inn áhættumati fyrir urðunarstaðinn ásamt því að upplýsingar um staðsetningu sýnatökubrunna myndi berast fljótlega. Hinn 25. nóvember 2016 hafi Umhverfisstofnun sent tölvupóst til að kanna hver staðan mála væri með gögn. Hinn 27. janúar 2017 hafi borist bréf frá umsækjanda með tillögu að staðsetningu sýnatökubrunna. Hinn 17. febrúar 2017 hafi verið haldinn símafundur með fulltrúa Fjarðabyggðar þar sem hugmyndum Umhverfisstofnunar um breytta staðsetningu sýnatökubrunna var komið á framfæri ásamt hugmyndum um hvernig væri best að tryggja að jarðvatn berist ekki í urðunarreinrar. Tölvupóstur hafi síðan borist frá umsækjanda 9. ágúst 2017 ásamt mynd sem hafi sýnt staðsetningu sýnatökubrunna. Staðsetningin hafi verið sú sama og send var til Umhverfisstofnunar 27. janúar og hafði ekki verið tekið tillit til athugasemda er fram komu á símafund 17. febrúar 2017. Hinn 31. ágúst 2017 sendi Umhverfisstofnun bréf til Fjarðabyggðar þar sem farið hafi verið yfir feril málsins og fram hafi komið að stofnunin áformáði að vísa umsókninni frá. Hinn 7. september 2017 hafi stofnunin hins vegar fallið frá þessum áformum og ítrekaði ósk eftir gögnum. Hinn 22. september 2017 hafi umsækjandi sent stofnuninni bréf með upplýsingum um fyrirhugaðar aðgerðir í Þernunesi. Loks hafi Umhverfisstofnun 28. mars 2018 sent bréf til umsækjanda til að kanna hver staðan væri á umræddum framkvæmdum að liðnum sex mánuðum en ekkert svar hafi borist frá umsækjanda. Niðurstaða Umhverfisstofnunar er sú að ljóst sé að vinnsla starfsleyfis fyrir urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi sé ekki langt komin. Umsókn hafi ekki enn verið samþykkt þar sem umbeðin gögn hafi ekki borist. Prátt fyrir það leggist

Umhverfisstofnun ekki gegn því að veitt verði undanþága frá starfsleyfi meðan unnið verði að nýju starfsleyfi. Ljóst sé að umsækjandi þurfi að senda inn umbeðin gögn svo hægt sé að samþykkja umsókn og hefja vinnslu starfsleyfis. Málshraðaviðmið Umhverfisstofnunar fyrir vinnslu starfsleyfis séu átta mánuðir og því ekki líklegt að nýtt starfsleyfi verði gefið út fyrir 1. mars að því gefnu að umsækjandi sendi inn öll nauðsynleg gögn án tafar.

Þrátt fyrir að Fjarðabyggð hafi sent Umhverfisstofnun um nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Þernunesi í lok árs 2015 og að Umhverfisstofnun hafi upplýst Fjarðabyggð í mars 2016 að umsóknin væri ekki fullnægjandi og óskað eftir frekari gögnum hafa ekki öll nauðsynleg gögn borist stofnuninni í lok júní 2018 til að umsókn teljist fullnægjandi. Ráðuneytið telur þetta óviðunandi og úr þessu þarf Fjarðabyggð að bæta án tafar. Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr laganna. Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, er kveðið á um að móttökustöð fyrir úrgang skuli hafa gilt starfsleyfi. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Að fenginni framangreindri umsögn Umhverfisstofnunar, í ljósi aðstæðna þar sem mikilvægt er að farvegur sé fyrir úrganginn til skamms tíma og í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 2. ml. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, fellst ráðuneytið á að veita Fjarðabyggð tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað í Þernunesi.


Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Fjarðabyggð skal eftir því sem við á starfa samkvæmt fyrra starfsleyfi; starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpstöðvar Fjarðabyggðar í Þernunesi, sem gefið var út af Umhverfisstofnun 23. febrúar 2008.
2. Fjarðabyggð skal starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs og annarra reglugerða sem við eiga um rekstur urðunarstaðarins.
3. Framkvæmd mengunarvarnaeftirlits á gildistíma undanþágunnar skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
4. Fjarðabyggð skal tryggja að sem minnst af úrgangi verði urðað á svæðinu með því að vinna að úrgangsforvörnum og tryggja að endurvinnanlegum úrgangi verði komið til endurnýtingar.
5. Fjarðabyggð skal senda Umhverfisstofnun öll nauðsynleg gögn um leið og þau eru tilbúin og eigi síðar en 15. ágúst 2018.

Starfsleyfi þetta gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en eigi lengur en til 1. maí 2019.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Laufey Helga Guðmundsdóttir